

SAMNINGUR VEGNA AÐGENGIS SVEITARFÉLAGS


UPPLÝSINGAR UM SVEITARFÉLAGS

Sveitarfélag: _____ Kt. sveitarfélags: _____
Nafn tengiliðar: _____ Kt. tengiliðar: _____
Sími tengiliðar: _____ Netfang tengiliðar: _____

NOTKUNARSKILMÁLAR

Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur Byggingargáttar Mannvirkjastofnunar og um efni þessa samnings milli sveitarfélags annars vegar og Mannvirkjastofnunar hins vegar, kennitala 611210-0190, hér eftir nefnt MVS, um aðgang að Byggingargátt MVS.

1. Byggingargátt MVS er eingöngu fyrir umsækjendur og handhafa byggingarleyfis, löggilda fagaðila sem starfa við hönnun eða byggingu mannvirkja og þá aðila sem sinna opinberu eftirliti með hönnun eða byggingu mannvirkja..
2. Byggingargátt MVS veitir aðgang að fjölbættri þjónustu á rafrænan hátt og sveitarfélag nýtur þeirrar þjónustu sem Byggingargátt MVS býður upp á hverju sinni. Eftir atvikum gilda jafnframt aðrir sérskilmálar og samningsákvæði vegna þeirrar þjónustu sem veitt er í gegnum Byggingargátt MVS.
3. MVS lætur sveitarfélagi í té notandanafn og lykilorð til innskráningar í Byggingargátt MVS. MVS áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara. Sveitarfélag samþykkir að hlíta skilmálum Byggingargáttar MVS um auðkenningu.
4. Við fyrstu innskráningu skal sveitarfélag breyta úthlutuðu lykilorði. Nauðsynlegt er að þetta sé gert án tafar eftir að sveitarfélag hefur opnað fyrir aðgang að Byggingargátt MVS til að fyllsta öryggis sé gætt. Sveitarfélag skal halda öllum upplýsingum er varða auðkenningu notenda þess í Byggingargátt MVS leyndum og ber það ábyrgð á því að slíkar öryggisupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Sveitarfélag ber ábyrgð á öllum aðgerðum í Byggingargátt MVS sem framkvæmdar eru á grundvelli auðkenningar samkvæmt skilmálum þessum. Verði sveitarfélag þess áskynja að óviðkomandi hafi fengið vitneskju um auðkenningu þess skal það tafarlaust tilkynnt til MVS.
5. Sveitarfélag leggur sjálf til endabúnað og tengingu við netið/alnetið/internetið og þann hugbúnað, sem nauðsynlegur er til tengingar við Byggingargátt MVS. Sveitarfélag ber fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem það kys að nota vegna Byggingargáttar MVS, þar á meðal að nota ávallt þann vafra (e. browser) og stýrikerfi sem studdur er af framleiðanda hverju sinni og MVS gerir kröfur um. Sveitarfélag skal fylgja tilmælum MVS um fyrirkomulag vefþjónustutenginga. Sveitarfélagi ber að kynna sér almennar leiðbeiningar og lágmarksviðmið um tölvuöryggi og vírusvarnir á hverjum tíma. MVS áskilur sér rétt til að loka aðgangi sveitarfélags ef notkunartilmælum MVS er ekki fylgt.
6. Verði sveitarfélag vart við villu eða galla við notkun á Byggingargátt MVS skal það gera MVS viðvart án tafar.
7. MVS ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við netið/alnetið/internetið, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við Byggingargátt MVS, vafra (e. browser) eða stýrikerfi notanda sveitarfélags eða MVS. MVS ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun sveitarfélags eða annars aðila með eða án umboðs þess.
8. MVS ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum sveitarfélags eða annars aðila í Byggingargátt MVS. MVS ber hvorki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika, s.s. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h., né ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af



náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

9. MVS og sveitarfélag miðla upplýsingum sem varða byggingarleyfi og eftirlit með byggingum mannvirkja, s.s. upplýsingum um eignarhald, kennitölur eigenda og fagaðila svo og grundvöll réttinda fagaðila. MSV og sveitarfélag skuldbinda sig til að fara í hvívetna eftir lögum um persónuvernd við meðferð og vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem miðlað er á grundvelli samþykkis viðkomandi aðila í gegnum Byggingargátt MVS.
10. Verði sveitarfélag uppvíst að misnotkun, tilraun til misnotkunar á upplýsingum eða tengingum sem Byggingargátt MVS býður upp á er MVS heimilt að rjúfa aðgang þess fyrirvaralaust og án tilkynningar. Ef um ítrekuð tilvik er að ræða er MVS heimilt að loka aðgangi viðkomandi sveitarfélags að Byggingargátt MVS.
11. MVS áskilur sér rétt til rekstrarrofs Byggingargáttar vegna viðgerða, viðhalds eða uppfærslu á gáttinni. Leitast verður við að tilkynna rekstrarrofið með góðum fyrirvara og að það valdi sem minnstum truflunum við notkun gáttarinnar.
12. Sveitarfélag skuldbindur sig til að hafa ávallt virkan tengilið vegna Byggingargáttar MVS. Verði skipt um tengilið sveitarfélags skal tilkynna MVS um nýjan tengilið svo fljótt sem auðið er.

SAMÞYKKT

 Sveitarstjórn
Skeiða- og
Súppverjarápps
f.h sveitarfélags


f.h MVS